

## SAMÞYKKT

### fyrir Veidifélag Kálfár.

#### 1. gr.

Nafn félagsins er Veidifélag Kálfár. Félagið er sjálfstætt starfandi deild innan Veidifélags Þjórsár.

#### 2. gr.

Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður er búsettur hverju sinni.

#### 3. gr.

Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna landareigna sem land eiga að Kálfá og Tunguá: Bólstaður, Miðhús I og II, Stóra-Hof I og II, Eystra-Geldingaholt I og II, Hamrar, Skaftholt, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Austurhlíð, Steinholt I og II, Minni- Mástunga, Stóra- Mástunga I og II, Hamarsheiði I og II, Ásar, Móar og Skáldabúðir.

#### 4. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á svæði félagsins og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna á svæðinu. Félagshundir hafa ákvörðunarrétt um ráðstöfun veiða á svæðinu.

Félaginu ber að vernda vistkerfi vatnafiska á svæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess að óþörfu. Heimilt er félaginu að stunda fiskirækt í samræmi við gildandi lög og í samstarfi við móðurfélag sitt, Veidifélag Þjórsár.

#### 5. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er um í 3. gr. þessara laga. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl, þannig að einn gengur út eftir eitt ár, annar eftir tvö o.s.frv. og skal formaður ganga fyrstur út. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Enginn atkvæðisbær maður getur skorast undan kosningu nema sérstök forföll hamli veru hans. Kjósa skal einnig 3 varamenn til eins árs í senn, tvo skoðunarmenn og einn til vara ár hvert.

#### 6. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins á milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun stjórnar. Heimilt er stjórn að kalla sér til aðstoðar þá menn sem hún telur þörf á og greiðir fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins.

Óheimilt er öllum að veiða á svæði félagsins nema með skriflegu leyfi þar sem fram kemur tími og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

#### 7. gr.

Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála sem snerta hagsmuni þeirra eða venslanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt milli félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundum. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál séu vel upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

Rísi ágreiningur um lögmati ákvörðunar stjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært málið til Fiskistofu. Kærufrestur er þrjú mánuðir.

#### 8. gr.

Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundi í félaginu með ábyrgðarbréfi ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum, en þó verða lagabreytingar eða breytingar á arðskrá að hljóta 2/3 hluta atkvæða. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki samþykkt vegna ófull-

nægjandi fundarsóknar, skal þá boða til annars fundar þar sem afl atkvæða ræður úrslitum. Hvað varðar vægi atkvæða er vísað í 1. mgr. 40. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006.

9. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 30. apríl ár hvert. Á aðalfundi skal stjórnin skýra frá störfum liðandi starfsárs og leggja fram tillögur um komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga liðins árs, áritaða af félagskjörnum skoðunarmönnum og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna óskar þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikninga félagsins í gerðabók svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

12. gr.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt 39. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi eldri samþykktir veiðifélagsins.

*Fiskistofu, 15. september 2011.*

**Árni Ísaksson,**  
forstöðumaður lax- og silungsveiðisviðs.